

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpstöð Rangárvallasýslu Sorpstöð Rangárvallasýslu Strönd.



Dags eftirlits	26.11.2015	Fulltrúi UST	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Sorpstöð Rangárvallasýslu	Fulltrúi UST	Björn Stefánsson
Heimili	Suðurlandsvegi 1	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	6008932469	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Ágúst Ingi Ólafsson	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Ómar Sigurðsson	Staðsetning	690508,452 590016,913

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö eldri frávik eru í eftirfylgni. Rekstraraðila var bent á að senda inn tímasetta úrbótaáætlun til þess að upplýsa Umhverfisstofnun um hvernig unnið er að úrlausn þeirra. Engin ný frávik fundust en athugasemd var gerð við mikla uppsöfnun garða- og timburúrgangs á urðunarstaðnum.

UMFANG EFTIRLITS

Samkvæmt útsendri dagskrá skyldi efirlitið felast í eftirfarandi:

1. Staða starfsleyfisumsóknar
2. Staða frávíka frá fyrra eftirliti.
3. Yfirferð yfir kröfur í starfsleyfi
4. Skoðun á urðunarstaðnum

Á fundinum kom fram að drög að nýju starfsleyfi hefur verið sent út til umsagnar og fulltrúar Mannvits hafa sent inn athugasemdir fyrir hönd rekstraraðila. Engin stór mál standa út af borðinu og reiknað er með að Umhverfisstofnun gefi út nýtt starfsleyfi snemma á nýju ári.

Tvö frávik eru enn óafgreidd frá eftirliti fyrr á árinu. Fyrra frávikði snýr að geymslu bíla og tækja sem ekki hafa verið tæmd af olíu og spilliefnum, en geymsla bíla og tækja skal fara fram á vökvaheldu undirlagi. Enn er frágangi á útisvæðum ekki lokið en samið hefur verið við verktaka sem skal ljúka verkinu á vormánuðum. Rekstraraðili er bent á að skila inn tímasettri úrbótaáætlun svo hægt sé að hægja á eftirfylgnimáli sem stofnað hefur verið vegna fráviksins.

Hitt frávikði snýr að því að rekstraraðili skal skv. starfsleyfi boða til samráðsfundar með heilbrigðisnefnd Suðurlandssvæðis og Umhverfisstofnunar á fjögurra ár fresti. Á samráðsfundum skal m.a. rætt um rekstur urðunarstaðarins, endurskoðun mæliáætlana og hugsanlegar breytingar á starfsleyfi og önnur atriði sem hugsanlega koma upp og fulltrúar áður nefndra aðila telja ástæðu til að nefna. Nú eru sex ár síðan síðast var haldinn samráðsfundur og því skoðast það sem frávik frá starfsleyfi. Rekstraraðili er bent á að skila inn tímasettri úrbótaáætlun svo hægt sé að hægja á eftirfylgnimáli sem stofnað hefur verið vegna fráviksins.

Mikið magn timburs og trjágreina (garðaúrgangur) er geymt á svæði urðunarstaðsins. Í starfsleyfinu sem gefið er út árið 2007 er leyfi fyrir jarðgerð. Í jarðgerð er hægt að nýta timbrið sem stoðefni í hauginn til þess að auka loftun en rekstraraðili ekki enn hafið jarðgerð. Á síðasta ári var tekið á mótum um 400 tonnum af timbri og garðaúrgangi því má áætla að 2000 – 3000 tonn hafi safnast upp á svæðinu. Athugasemd er gerð við að mikið magn timburs hefur safnast upp á svæðinu.

Farið var yfir helstu kröfur sem starfsleyfið gerir til rekstraraðila en að hluta til var þetta rætt í fyrra eftirlit ársins. Mælingar á mengun sem kann að berast frá urðunarstaðnum skulu gerðar í samræmi við ákvæði í 3.2 í starfsleyfi. Niðurstöður ársins 2014 (mælt á sex mánaða fresti, síðast 4. desember 2014) bárust 9. júní sl., og næst skulu niðurstöður mælinga berast fyrir 1. mars 2016, sbr. ákvæði 3.3 í starfsleyfi. Bent var á í fyrra eftirliti ársins að herða má á skráningum sbr. ákvæði 3.1. Verklagsreglur vegna viðbragða við asbestmenguðum úrgangi sem kann að berast á svæðið skulu vera aðgengilegar á urðunarstaðnum. Skrá skal mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.

Ekki hefur verið tekið við sláturúrgangi á yfirstandandi ári og heildarmagn sláturúrgangs á síðasta ári var um 800 tonn. Enn er beðið eftir ákvörðunar Umhverfisstofnunar á því hvort orðið verði við beiðni rekstraraðila um undanþágu frá botnþéttingu fyrir þess hluta urðunarstaðarins þar sem óvirkur úrgangur og stórgerður almennur byggingarúrgangur skal urðaður. Sú ákvörðun mun koma fram í nýju starfsleyfi.

Farið var í skoðun á urðunarstaðnum. Nýtt vinnsluhús var skoðað svo og aðstaða við bílavog. Gengið var um geymslusvæði fyrir vinnuvélar og bílhæ og áfram yfir á urðunarsvæðið. Á bakleiðinni var timbur- og garðaúrgangur skoðaður og endað við móttöku- og flokkunarstöðina.

ATHUGASEMDIR


Athugasemd er gerð við að mikið magn timburs hefur safnast upp á svæðinu.

Á síðasta ári var tekið á móti um 400 tonnum af timbri og garðaúrgangi því má áætla að 1000 – 1500 tonn hafi safnast upp á svæðinu.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar umhverfisverndar og örvæðis en sem ekki dæta tælist frávik

Reykjavík, 01.12.2015



Gottskálk Friðgeirsson